



Reglur um afgreiðslu umsókna um skammtí mavistun og verklag

1. gr.

Markhópur og markmið

Samkvæmt 22. gr. laga um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992, með síðari breytingum „skulu foreldrar eiga kost á skammtí mavistun fyrir fötluð börn sín þegar þörf krefur“ Þjónusta skammtí mavistunarinnar er tímabundin þjónusta ætluð fötluðum börnum og fullorðnum sem búa í heimahúsum. Markmið vistunar er að létta álagi af fjölskyldum, veita hinum fatlaða tilbreytingu eða undirbúa flutning úr foreldrahúsum. Í skammtí mavistun skal veitt umönnun, gæsla og þjálfun þar sem það á við. Skammtí mavistun er ekki búsetuúrræði.

2. gr

Framkvæmd þjónustunnar

Fjölskyldusvið Fjarðabyggðar útvegar þjónustuna á grundvelli þjónustusamnings við Skólaskrifstofu Austurlands um málefni fatlaðs fólks. Allir íbúar á þjónustusvæði Skólaskrifstofu Austurlands eiga rétt til þjónustunnar að uppfylltum öðrum viðmiðum skv. reglum þessum.

3. gr.

Skipulag þjónustunnar

Skipulag skammtí mavistunar er með þeim hætti að ákveðið er fyrirfram hvernig þjónustunni er háttað á ákveðnum tímabilum. Tímabilin eru þrjú:

Tímabil I er 1. janúar – 30. apríl

Tímabil II er 1. maí – 31. ágúst

Tímabil III er 1. september - 31. desember

Þjónustan er endurskoðuð fyrir hvert tímabil.

Skammtí mavistun getur verið tvenns konar:

I. Reglubundin dvöl samkvæmt fyrirfram gerðri áætlun.

II. Bráðavistun sem er tímabundin dvöl samkvæmt ósk og ákvörðun hverju sinni til að létta álagi af fjölskyldum t.d. vegna óvæntra áfalla í fjölskyldum.

Ekki er litið á ferðalög og önnur leyfi fjölskyldunnar, sem hægt er að skipuleggja með fyrirvara, sem bráðavistun. Slík tilvik skal reynt að leysa ef hægt er innan skipulags skammtí mavistunar án aukningar mannafla.

Ákvörðun um dvalartíma er byggð á einstaklingsmiðuðu mati á þörf fyrir þjónustunni. Viðmið um hámarksþjónustu fyrir einstakling er önnur hver vika eða fjórtán dagar í mánuði.

Einstaklingur getur þannig að hámarki dvalið í skammtí mavistun u.þ.b. 10 virka daga í mánuði



Reglur um afgreiðslu umsókna um skammtímvistun og verklag

og aðra hvora helgi. Ekki er boðið upp á meiri helgarvistun í mánuði en aðra hvora helgi eða fjóra daga. Komi til vöntunar á starfsfólki er ekki hægt að verða við beiðni um skammtímvistun.

4. gr.

Ferli umsókna og mat á þörf

- ✓ Umsókn um skammtímvistun berst til Fjölskyldusviðs Fjarðabyggðar á þar til gerðu eyðublaði þar sem fram kemur ósk umsækjenda/aðstandanda á þörf fyrir dvalartíma í skammtímvistun. Á eyðublaðinu skal koma fram að með undirskrift sinni samþykki umsækjandi/aðstandandi að fjölskyldusviðið leiti frekari upplýsinga um þjónustuhörf hjá fagmönnum sem til þekkja.
- ✓ Sækja skal um skammtímvist með mánaðar fyrirvara fyrir hvert tímabil.
- ✓ Starfsmenn meðferðateymis um málefni fatlaðs fólks og forstöðumaður skammtímvistunar fær umsókn með fylgigögnum. Teymið ákvarðar um veitingu þjónustunnar innan fjögurra vikna frá því að umsóknin berst fjölskyldusviði.
- ✓ Við afgreiðslu umsókna skulu börn í umönnunargreiðsluflokkum Tryggingastofnunar ríkisins 1 og 2 og fullorðnir í stuðningsflokk SIS 12 eða hærri, njóta forgangs. Þegar ekki er hægt að verða við öllum óskum umsækjenda skal leitast við að forgangsraða umsóknum og leysa fyrst vanda þeirra sem metnir eru í brýnustu þörf.
- ✓ Umsækjendur skulu fá skriflegt svar um afgreiðslu. Í svari skal koma fram hvort um samþykktu dvöl sé að ræða eða hvort umsækjandi sé kominn á biðlista eftir skammtímvistun. Jafnframt skal boða umsækjanda og/eða aðstandanda hans á fund til að undirbúa væntanlega dvöl. Ef umsókn er synjað skal fylgja rökstuðningur synjuninni og bent á áfrýjunarleið.
- ✓ Eftir að hafa fengið jákvætt svar um dvöl í skammtímvistun skal boða umsækjanda/aðstandanda á fund með forstöðumanni skammtímvistunarinnar til að undirbúa væntanlega dvöl. Þar er m.a. ákveðið hvernig aðlögun skuli háttáð, farið yfir skipulag þjónustunnar, samning um vasapening, samskipti við aðstandendur o.fl.
- ✓ Gerður skal þjónustusamningur um alla veitta skammtímvistun. Allir þjónustusamningar eru tímabundnir og miðaðir við eitt tímabil í starfsemi skammtímvistunarinnar.



Reglur um afgreiðslu umsókna um skammtímvistun og verklag



- ✓ Stöðufundur skal haldinn með forstöðumanni skammtímvistunar og aðstandanda og/eða hinum fatlaða ekki síðar en mánuði eftir að dvöl hefst og farið yfir innihald þjónustu og hvernig hún hefur reynst.
- ✓ Áður en þjónustusamningur er endurnýjaður fyrir næsta tímabil skal lagt mat á hvernig þjónustan hefur gengið og ákvörðun um áframhaldandi þjónustu tekin. Ákvörðun um hvort veita eigi áframhaldandi þjónustu skal tekin af þjónustuteymi um málefni fatlaðs fólks. Ef svar um þjónustu er jákvætt fær umsækjandi og/eða aðstandandi hans tilkynningu þess efnis og gerður er nýr þjónustusamningur.

5. gr.

Málskot

Telji umsækjandi á rétt sinn hallað skv. reglum þessum getur hann skotið ákvörðun meðferðateymis um málefni fatlaðs fólks til umfjöllunar hjá Úrskurðarnefnd félagsþjónustu og húsnæðismála, Hafnarhúsinu, Tryggvagötu, 150 Reykjavík. Skal það gert innan þriggja mánaða frá því að umsækjanda barst ákvörðunin.

Fjarðabyggð 22.mars 2013


Páll Björgvin Þórðsson


Samþykkt í fræðslunefnd 12.mars 2013

Samþykkt í bæjarráði 18.mars 2013

Samþykkt í bæjarstjórn 21.mars 2013